



Fundur háskólaráðs 04. maí 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 03.05.2000 15:06:49
Dags: 04.05.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 4. maí var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30

1. Bókuð erindi

- 1.1 Lagt fram erindi frá Viðari Má Matthíassyni þar sem hann biðst lausnar frá störfum í vísindanefnd háskólaráðs. - Samþykkt.
- 1.2 Lagt fram bréf Stúdentaráðs, dags. 18. mars þar sem Sigríður Matthíasdóttir er tilnefnd sem fulltrúi stúdenta í vísindanefnd háskólaráðs í stað Ármanns Jakobssonar. - Samþykkt samhljóða.
- 1.3 Erindi stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans um bílastæði fyrir starfsmenn í húsum Raunvísindastofnunar og Endurmenntunarstofnunar og í Tæknigarði. – Erindinu var vísað til rektors til afgreiðslu.
- 1.4 Kjör stjórnarnefndar Minningarsjóðs dr. phil Jóns Jóhannessonar prófessors. – Stjórnarnefndin var endurkjörin.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Úttekt á kennslu og rannsóknum í hjúkrunarfræði og lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Erindi NORDUnets um aðild Háskóla Íslands að netinu og svar Þórðar Kristinssonar stjórnarformanns Reiknistofnunar við því.

4. Inn á fundinn kom Ólafur Jóhannes Einarsson, lögfræðingur rektorsskrifstofu. Fyrir fundinum lágu drög II að reglugerð fyrir Háskóla Íslands ásamt greinargerð og skýringum og lista yfir athugasemdir. Drög II taka tillit til þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið við drögin af deildum, stofnunum, nefndum, Stúdentaráði og Félagi háskólakennara o.fl.

Athugasemdirnar lágu fyrir fundinum. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennsluviðs og Ólafur Jóhannes greindu frá þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá fyrstu drögum. Mörg atriði í reglugerðinni voru rædd og sérstaklega hvort rétt sé að fjölga deildum við Háskólann með því að námsbraut í hjúkrunarfræði og lyfjafræði lyfsala verði sjálfstæðar deildir. Ákveðið var að gera nokkrar breytingar á reglugerðardrögunum.

Rektor vakti athygli á athugasemdum stjórnar Raunvísindastofnunar sem fram koma í bréfi dags. 13. apríl s.l. og meðfylgjandi mótmælum starfsmanna stofnunarinnar við því að drög að reglugerð um Háskóla Íslands og stofnanir hans skuli samin án samráðs við stjórn Raunvísindastofnunar.

Fyrir fundinum lágu drög að svari við ofangreindum athugasemdum Raunvísindastofnunar háskólans. Rektor var falið að skýra málið.

Samþykkt var að senda endurskoðuð drög að reglugerð til háskólafundar til umsagnar. Ennfremur var samþykkt að leita aftur umsagnar deilda, stofnana, Stúdentaráðs og annarra er málið varðar og óska eftir að þeir skili umsögn sinni fyrir 25. þ.m.

5. Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar. Ingjaldur gerði grein fyrir drögum að greinargerð um fjárveitingar til rannsókna við Háskóla Íslands dags. í apríl 2000. Drögin voru unnin af fjármálanefnd og vísindanefnd. Þá kynnti Ingjaldur fyrstu drög sömu aðila að samningi milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um rannsóknir og fjárhagsleg samskipti.

Fram var lagt bréf frá stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans dags. 3. febrúar s.l. um að það sé innan verkswiðs stofnunarinnar að gera þjónustusamning við ríkisvaldið um rannsóknir í raunvísindum við Háskóla Íslands á sviðum stofnunarinnar.

Efni bréfsins var rætt og var rektor falið að ræða málið frekar við formann stjórnar Raunvísindastofnunar.

6. Öðrum málum var frestað.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16:30